

Samtök eigenda sjávarjarða.
Pósthólf 90,
780 Hornafirði.
ses.netlog@gmail.com

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/295
komudagur 21.11.2011

Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis,
skrifstofa Alþingis - nefndasvið,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.
stjornskipun@althingi.is

Reykjavík, 21. nóvember 2011.

Stjórn Samtaka eigenda sjávarjarða (Ses) óskar eftir að gera eftirfarandi athugasemdir við tillögur stjórnlagaráðs um breytingar á stjórnarskrá Íslands.

Virðingarfyllst,
Samtök eigenda sjávarjarða.

Ómar Antonsson, formaður

Þrjár greinar úr tillögum stjórnlagaráðs.

140. löggjafarþing 2011–2012.

Þingskjal 3 — 3. mál.

Skýrsla

forsætisnefndar um tillögur stjórnlagaráðs
um breytingar á stjórnarskrá Íslands.

II. KAFLI

Mannréttindi og náttúra.

6. gr.

Jafnræði.

Öll erum við jöfn fyrir lögum og skulum njóta mannréttinda án mismununar, svo sem vegna kynferðis, aldurs, arfgerðar, búsetu, efnahags, fötlunar, kynhneigðar, kynþáttar, litarháttar, skoðana, stjórnmaatengsla, trúarbragða, tungumáls, uppruna, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.

13. gr.

Eignarréttur.

Eignarrétturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi eign sína nema almenningsþörf krefji. Þarf til þess lagafyrirmæli og komi fullt verð fyrir.

Eignarrétti fylgja skyldur, svo og takmarkanir í samræmi við lög.

34. gr.

Náttúruauðlindir.

Auðlindir í náttúru Íslands, sem ekki eru í einkaeigu, eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Enginn getur fengið auðlindirnar, eða réttindi tengd þeim, til eignar eða varanlegra afnota og aldrei má selja þær eða veðsetja.

Til auðlinda í þjóðareign teljast náttúrugæði, svo sem nytjastofnar, aðrar auðlindir hafs og hafsbotns innan íslenskrar lögsögu og uppsprettur vatns- og virkjunarréttinda, jarðhita- og námaréttinda. Með lögum má kveða á um þjóðareign á auðlindum undir tiltekinni dýpt frá yfirborði jarðar.

Við nýtingu auðlindanna skal hafa sjálfbæra þróun og almannahag að leiðarljósi.

Stjórnvöld bera, ásamt þeim sem nýta auðlindirnar, ábyrgð á vernd þeirra. Stjórnvöld geta á grundvelli laga veitt leyfi til afnota eða hagnýtingar auðlinda eða annarra takmarkaðra almennagæða, gegn fullu gjaldi og til tiltekins hóflegs tíma í senn. Slík leyfi skal veita á jafnræðisgrundvelli og þau leiða aldrei til eignarréttar eða óafturkallanlegs forræðis yfir auðlindunum.

Athugasemdir við fyrrgreindar tillögur stjórnlagaráðs í 6. gr. um jafnræði.

Í 2. gr. mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, sem er um jafnræði, segir í íslenskri þýðingu:

Allir eiga kröfu á réttindum þeim og því frelsi sem fólgin eru í yfirlýsingu þessari og skal þar engan greinarmun gera vegna kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmalaskoðana eða annarra skoðana, þjóðernis, uppruna, **eigna**, ætternis eða annarra aðstæðna. Eigi má heldur gera greinarmun á mönnum fyrir sakir stjórnskipulags lands þeirra eða landsvæðis, þjóðréttarstöðu þess eða lögsögu yfir því, hvort sem landið er sjálfstætt ríki, umráðasvæði, sjálfstjórnarlaust eða á annan hátt háð takmörkunum á fullveldi sínu.

Hér er sérstaklega getið um að ekki megi gera greinarmun á eða mismuna mönnum vegna **eigna**.

Í 14. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem er um jafnræði, segir í íslenskri þýðingu:

Réttindi þau og frelsi, sem lýst er í samningi þessum, skulu tryggð án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, kynþáttar, litarháttar, tungu, trúarbragða, stjórnmála- eða annarra skoðana, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu, sambands við þjóðernisminnihluta, **eigna**, ætternis eða annarra aðstæðna.

Hér er sérstaklega getið um að ekki megi gera greinarmun á eða mismuna mönnum vegna **eigna**.

Í tillögu stjórnlagaráðs, 6. gr. um jafnræði er ekkert getið um að jafnræði skuli ríkja og ekki megi mismuna mönnum vegna **eigna**.

Lagt er til að orðinu „**eigna**“ verði bætt inn í 6. gr. þannig að íslensk stjórnarskrá verði í samræmi við alþjóða mannréttindasáttmála.

Athugasemdir við fyrrgreindar tillögur stjórnlagaráðs í 13. gr. um eignarrétt.

Þar segir: „Eignarrétti fylgja skyldur, svo og takmarkanir í samræmi við lög“.

Þessi setning er illskiljanleg og þarf að vinnast mun betur eða að sleppa henni. Setning þessi getur verið upphafið að endalausum deilum. Sem dæmi þá þarf að skilgreina skyldur mun betur því skyldur vegna eigna eru aðallega hjá þeim sem reyna að svipta menn eignum sínum. Sama má segja um takmarkanir í samræmi við lög. Takmarkanir eru helst hjá þeim sem ekki eiga eignirnar en ásælast þær. Í þessu tilviki eru til lög um framkvæmd eignarnáms en þau lög eru afar takmörkuð og margir telja þau úrelt.

Athugasemdir við fyrrgreindar tillögur stjórnlagaráðs í 34. gr. um náttúruauðlindir.

Þar segir: „Auðlindir í náttúru Íslands, sem ekki eru í einkaeigu, eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar. Enginn getur fengið auðlindirnar, eða réttindi tengd þeim, til eignar eða varanlegra afnota og aldrei má selja þær eða veðsetja“.

Eðlilegra og skiljanlegra væri að fyrsta setning væri svona: „Auðlindir í náttúru Íslands eru í einkaeigu nema þær sem eru í óskiptri sameign þjóðarinnar. Eigur í óskiptri sameign þjóðarinnar eru sameiginleg og ævarandi eign þjóðarinnar“.

Í fyrstu setningu er ljóst að verið er að fjalla um auðlindir í náttúru Íslands sem ekki eru í einkaeigu. Skilja má aðra setningu sem svo að þar sé líka verið að fjalla um auðlindir sem ekki eru í einkaeigu en það er þó ekki alveg ljóst og deila má um það. Til að fyrirbyggja allan misskilning í framtíðinni ætti önnur setning að vera svona: „Enginn getur fengið auðlindirnar, eða réttindi tengd þeim, **sem ekki eru í einkaeigu**, til eignar eða varanlegra afnota og aldrei má selja þær eða veðsetja“.

Svo segir í 2. mgr.: „Til auðlinda í þjóðareign teljast náttúrugæði, svo sem nytjastofnar, aðrar auðlindir hafs og hafsbots innan íslenskrar lögsögu og uppsprettur vatns- og virkjunarréttinda, jarðhita- og námaréttinda“.

Aðra málsgrein er vel hægt að misskilja. Hér vantar einfaldlega inn í setninguna atriði um eignir í einkaeigu.

Setningin ætti að vera svona: „Til auðlinda í þjóðareign **og sem ekki eru í einkaeigu** teljast náttúrugæði **á þeirri auðlind**, svo sem nytjastofnar, aðrar auðlindir hafs og hafsbots innan íslenskrar lögsögu og uppsprettur vatns- og virkjunarréttinda, jarðhita- og námaréttinda“.

Ekki er ástæða til að ætla að verið sé ólöglega að reyna að svipta eigendur eignum sínum til auðlinda hafsins og vatnsréttinda með tillögu að breytingu á stjórnarskrá heldur sé hér um óvönduð vinnubrögð að ræða hjá stjórnlagaráði.

Þess má geta sérstaklega, að auðlindir hafs og hafsbots innan íslenskrar lögsögu eru ekki endilega í sameign þjóðarinnar. Um er að ræða íslenska lögsögu en ekki eign. Til að fyrir hendi sé lögleg eign þurfa að vera til staðar lögleg umboð og eignarheimildir.

Þess má til dæmis geta til upplýsinga, að hluti nytjastofna er í einkaeign. Lagafyrirmæli eru um eignarrétt sjávarjarða til sjávarauðlindarinnar og Mannréttindadómstóll Evrópu hefur komið með eftirfarandi álit sitt vegna netlaga í eigu sjávarjarða:

„Ennfremur er það niðurstaða dómsins að réttur kæranda til þess að stunda fiskveiðar í netlögum úti fyrir sjávarjörðinni sem um ræðir hafi lögformlega stofnað til „eignar“ í skilningi 1. gr. sammingsviðauka 1“.